

ÁRSSKÝRSLA 2022





UM MÍMI

Mímir-símenntun er fræðslufyrirtæki sem starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar. Meginmarkmið Mímis-símenntunar er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli sem og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni.

Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína árið 2003. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að annast framhaldsfræðslu. Einkahlutafélagið Mímir-símenntun er rekið til almannaheilla og því er ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

ÁVARP
FORSETA
ASÍ

INNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

PRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR

20 ÁRA
MÍMIR VERTU MEIRA!

HÚSNÆÐI

Mímir-símenntun er með höfuðstöðvar sínar (samtals 1758,6 fermetrar) að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Öldugata 23 hefur einnig verið kennsluhúsnæði til fjölda ára og er húsnæðið í eigu mennta- og menningarmálaráðuneytisins en Mímir annast rekstur og eðlilegt viðhald húsnæðisins. Samningi hefur verið sagt upp og árið 2022 þar með síðasta starfsár Mímis á Öldugötu.






SKIPURIT MÍMIS

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
2





UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

ÁVARP
FORSETA
ASÍ

INNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR



STEFNA MÍMIS

Framsækið þekkingarfyrirtæki með fjölbreytt námstækifæri þar sem kennsla, ráðgjöf og mat á raunfærni eru í fararbroddi.

Öflugt samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir um að skapa fjölbreytt og eftirsóknarverð námstækifæri fyrir fullorðna einstaklinga.

Gæði, sveigjanleiki, nýsköpun og góð samskipti eru lykillinn að árangri.

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
2



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

ÁVARP
FORSETA
ASÍ

INNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

PRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR



GILDI MÍMIS

FRAMSÆKNI

Mímir er framsækið fyrirtæki sem sífellt leitar tækifæra til framfara og nýjunga.

FAGMENNSKA

Fagmennska er leiðarljós í öllum samskiptum. Við veitum framúrskarandi þjónustu og störfum eftir verkferlum sem tryggja áreiðanleika og gagnsæi.

SAMVINNA

Við erum ein liðsheild. Samskipti einkennast af virðingu, trausti og umburðarlyndi. Metnaðarfullt samstarf við fyrirtæki og hagsmunaaðila skilar okkur lengra.

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
2



FRÁ FORMANNI STJÓRNAR
EYRÚN BJÖRK
VALSDÓTTIR

SAMFERÐA Í 20 ÁR!

Óhætt er að segja að mikið vatn hefur runnið til sjávar frá stofnun Mímis-símenntunar og spannar starfsævi Mímis nú um tuttugu ár. Á þeim tíma hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt og námsframboðið tekið mið af þörfum viðskiptavina hverju sinni. Stofnanir eins og Mímir þurfa að hafa mikla aðlögunarhæfni til að mæta þörfum samfélags sem er í stöðugu breytingarferli og þarf sveigjanleika til að mæta nýjum og breyttum kröfum. Starfsemi Mímis hefur svo sannarlega staðist þær kröfur í gegnum árin og mætt nýjum áskorunum með áræðni og fagmennsku að leiðarljósi.

Á grundvelli fagmennsku og metnaðar hefur Mímir ásamt öðrum símenntunarmiðstöðvum tekið þátt í að hækka menntunarstig þjóðarinnar, samfélaginu til heilla. Starfsemi Mímis hefur miðast við að bjóða fullorðnu fólki símenntun í þágu lýðræðis og jafnréttis. Þannig hefur Mímir veitt fullorðnu fólki annað tækifæri til náms í gegnum framhaldsfræðslu, meðal annars til þess að það geti bætt sér upp formlega skólagöngu sem það fór á mis við. Í raun má segja að framhaldsfræðslan sé mikilvæg samfélaginu til að veita þegnum þess jöfn tækifæri. Framhaldsfræðslan tekur mið af þörfum fullorðinna á nútímalegan og framsækinn hátt. Fólk sem sækir nám framhaldsfræðslunnar er með mikla reynslu úr daglegu lífi og úr atvinnulífinu. Leitast er við að nýta reynslu þessa fólk sem best og þannig byggja brú yfir í hið formlega skólakerfi. Raunfærnimatið skipar þar mikilvægan sess en með formlegu mati á reynslu er leiðin greiðari, til að mynda inn í framhaldsskóla.

Meginmarkmið Mímis er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Sérstaða Mímis er náíð samstarf við atvinnulífið og verkalyðshreyfinguna. Þetta samspil gerir okkur kleift að bregðast hraðar við breyttum aðstæðum og nýjum áherslum í atvinnulífinu. Þar má nefna að

innflytjendur eru ört stækkandi hópur á Íslandi og hefur Mímir aukið þjónustu við hópinn í gegnum árin. Þúsundir hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga hjá Mími sem heldur námskeiðin í samvinnu við stjórnvöld sem veita fjármagn til þeirra. Íslenskukennsla er mikilvægur þáttur í því að einstaklingar af erlendum uppruna geti öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi.

Á árinu hóf nýtt ráðuneyti félags- og vinnumarkaðar endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Markmiðið er að skapa heildstætt kerfi í framhaldsfræðslu og styrkja hana sem fimmtu stoð hins opinbera menntakerfis. Það gefur fullorðnu fólki með stutta skólagöngu eða skerta möguleika til að fá störf ný tækifæri til náms og hæfnipróunar. Tilgangurinn er að auka skýrleika og gagnsæi í framkvæmd laga um framhaldsfræðslu. Það er fagnaðarefni að stjórnvöld sjái hag í að styrkja og bæta framhaldsfræðsluna sem reynst hefur fullorðnu fólki með litla formlega skólagöngu uppspretta og tækifæri til að efla færni sína í lífi, námi og starfi.

Sem fræðslumiðstöð er Mímir samfélagsleg auðlind enda er fyrirtækið rekið til almannaheilla án hagnaðarsjónarmiða. Eigandinn, Alpýðusamband Íslands, er stærsta fjöldahreyfing launþega á Íslandi og hefur í rúma öld látið sig varða velferð, hagsmuni og réttindi launafólks í landinu. Mímir er afsprengi þeirrar baráttu.

Í Mími býr kraftur og leggur starfsfólkið mikið á sig til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. Rík áhersla er lögð á þróun, breytingar og nýsköpun sem er fastur og nauðsynlegur þáttur í vexti og rekstri Mímis. Fyrir hönd stjórnar Mímis, óska ég Mími til hamingju með tuttugu ára starfsafmælið. Um leið færi ég stjórn, starfsfólki, kennurum og samstarfsaðilum þakkir fyrir gott starf í þágu Mímis og nemenda hans. Framtíð Mímis er björt og saman leggjum við lóð á vogaskálarnar við að auka menntunarstig þjóðarinnar.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

ÁVARP
FORSETA
ASÍ

INNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR



Mímir kynnir starfsemi sína á ársfundi ASÍ árið 2003.



ÁVARP FORSETA ASÍ
**FINNBJÖRN A.
HERMANNSSON**

MÍMIR-SÍMENNTUN 20 ÁRA

Mímir-símenntun fagnar 20 ára afmæli um þessar mundir. Í tilefni þess er rétt að líta yfir farinn veg. Þrátt fyrir tiltölulega ungan aldur á Mímir-símenntun sér langa fortíð. Segja má að fyrirtækið hafi fengið í sængurgjöf áratuga uppbyggingar- og þróunarstarf verkalýðs-hreyfingarinnar í menntamálum.

Árið 2002 var ákveðið að ráðast í breytingar á starfsemi Menningar- og fræðslusambands alþýðu (MFA) sem hafði þá verið starfrækt frá 1938. Trúnaðarmannafræðsla var færð til ASÍ undir sérstakri deild hjá sambandinu þó framkvæmd hennar hafi haldið áfram hjá Mími-símenntun um nokkurt skeið. Samhliða var Mímir-símenntun ehf. stofnað utan um þann hluta MFA sem sneri að fullorðinsfræðslu, námi tengdu atvinnulífi og tómstundanámskeiðum. Á þeim tíma vógu tómstundanámskeiðin þyngst í starfsemi Mímis. Með þessum breytingum var sjálfstæði Mímis á sviði menntamála aukið verulega. Stofnun Mímis-símenntunar ehf. árið 2002 var stór áfangi á þeirri vegferð að efla fullorðins- og starfsmenntun fyrir almenning, enda hafa fræðslu- og menntamál á Íslandi alla tíð verið áherslumál hjá Alþýðusambandi Íslands og er þátttaka Alþýðusambands Íslands (ASÍ) í þróun menntakerfisins ótvíræð sé litið til sögu sambandsins.

Frá stofnun Mímis-símenntunar hefur fyrirtækið átt mikilvægan þátt að efla menntunarstig þjóðarinnar í gegnum framhaldsfræðsluna sem ætlað er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Þá hefur Mímir einnig haft það hlutverk að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, sem og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins

hverju sinni en fyrirtækið er rekið til almannaheilla og er ekki drifið áfram í hagnaðarskyni.

Stofnun Mímis-símenntunar árið 2002 var farsælt skref hjá verkalýðs-hreyfingunni og hefur Mímir skilað launafólki mikilvægum verðmætum. Mímir hefur reynst það flaggskip þróunar og nýsköpunar á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar sem því var ætlað að vera. Ber þar að þakka stjórnnum, stjórnendum og starfsfólki sem starfað hefur ötullega með megin markmið Mímis í huga. Umsvif Mímis-símenntunar hafa aukist gríðarlega á þeim tveimur áratugunum sem það hefur haft starfsemi (starfað). Faglegt starf hefur verið í forgrunni og á sama tíma hefur metnaður verið lagður í þróun í takt við samfélagslegar breytingar. Mímir hefur þær viðurkenningar og gæðavottanir sem fyrirtæki á þessu sviði ætti að hafa til að geta talist samstarfsaðili hins opinbera um framhaldsfræðslu.

Á þessum tímamótum lítum við um öxl og fögnum öllu því farsæla sem hefur einkennt Mími-símenntun en horfum svo björtum augum fram á veg. Óhætt er að segja að Mímir-símenntun sé mikil samfélagsleg auðlind sem ákveðin sátt ríkir um. Margir stórir sigrar hafa verið unnir á þessum 20 árum starfseminnar, þjóðinni til heilla. Verkalýðshreyfingin mun áfram leggja sitt lóð á vogaskálarnar til að hækka menntunarstig þjóðarinnar og efla fullorðins- og starfsmenntun fyrir almenning á Íslandi. Gegnir Mímir-símenntun þar lykilhlutverki. Það er mér mikil ánægja að færa Mími-símenntun, stjórn, stjórnendum og öðru starfsfólki árnaðaróskir í tilefni þessa merkisafmælis. Ég þakka öllu því góða fólki sem hefur unnið á vettvangi þess í áranna rás. Megi Mímir-símenntun áfram vaxa og dafna, landi og lýð til heilla.

UM
MÍMIFRÁ
FORMANNI
STJÓRNARÁVARP
FORSETA
ASÍINNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMATÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁLALMENNUR
REKSTUR20 ÁRA
MÍMIR VERTU MEIRA!Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
2

INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR
BJÖRNSDÓTTIR

STÖÐUG ÞRÓUN OG GÓÐUR ÁRANGUR

Starfsemi Mímis á tuttugasta afmælisárinu óx og dafnaði en sjaldan hafa fleiri sótt sér þjónustu hjá Mími. Líkt og öll fyrri ár kappkostaði Mímir að bjóða nemendum, kennurum og samstarfsaðilum faglega og skilvirka þjónustu. Starfsfólk Mímis var þar í fararbroddi og varð vel ágengt.

Heildarfjöldi nemendastunda jókst um tæp 15% frá árinu á undan sem fyrst og fremst skýrist af fjölgun á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði, fjölgun í almennum námsbrautum og í starfstengdu námi. Jafnframt fjölgaði viðtölum í náms- og starfsráðgjöf lítillega á milli ára.

Stöðugur rekstur í krefjandi umhverfi

Mímir hefur sýnt stöðugleika í rekstri frá stofnun fyrirtækisins. Rekstur Mímis á afmælisárinu 2022 er þar ekki undanskilinn. Með dugnaði og útsjónarsemi tókst Mími að sigrast á mótbyr á árinu sem einkenndist af hárri verðbólgu og hækkun á almennu verðlagi. Á sama tíma tókst að tryggja nauðsyn-

lega framþróun í starfseminni, með tilliti til tækni og nýjunga, bæði hvað varðar almennan rekstur og kennsluhætti.

Heildarvelta ársins var rúmlega hálfur milljarður króna og jókst um 11% frá árinu á undan. Afkoma ársins var 5,3 milljónir króna sem er viðunandi fyrir óhagnaðardrifinn (e. non profit) rekstur sem gjaldfærir öll innkaup og tekur ekki lán.

Sú staðreynd að verðbólga hafi verið yfir 10% á árinu er óneitanlega íþyngjandi fyrir reksturinn þar sem hluti rekstrarsamninga er bundinn vísitölu. Þá hefur verðbólgan einnig leitt til hækkunar á almennu verðlagi. Á sama tíma hefur sá verðlisti sem símenntunarmiðstöðvum er gert að vinna eftir við framkvæmd vottaðra námsleiða sem fyrr ekki haldið í við þróun verðlags. Sömuleiðis hefur einingarverð sem miðað er við í uppgjöri framlaga stjórnvalda til framkvæmdar íslenskunámskeiða fyrir útlendinga staðið í stað frá árinu 2015. Framlagið vegur því sífellt minna upp í kostnað við námskeiðahaldið

með þeim afleiðingum að fræðsluaðilar neyðast til að hækka námskeiðsgjöld sem nemendur standa sjálfir straum af.

Til að mæta þessum kringumstæðum í rekstrarumhverfinu var útgjaldahliðin vandlega yfirfarin á árinu og tókst að ná fram nokkurri hagræðingu. Í því skyni ákvað stjórn Mímis í lok september að leigusamningi ASÍ við ráðuneytið um afnot af húsnæðinu Öldugötu 23 í Reykjavík yrði sagt upp en Mímir hefur frá upphafi verið með hluta af starfsemi sinni í húsnæðinu. Unnið var að því að sameina starfsemi Mímis í aðalstarfsstöð Mímis að Höfðabakka 9 í árslok en ávinningur þessarar ákvörðunar birtist ekki í rekstri ársins 2022 þar sem húsið var nýtt til ársloka.

Stefnumörkun til framtíðar

Ljóst er að áfram verður þörf á framhaldsfræðslu á Íslandi og þar gegna símenntunarmiðstöðvar um land allt mikilvægu hlutverki. Mímir er þar ekki undanskilinn enda stærsta símenntunarmiðstöðin. Í síbreytilegu samfé-

92% nemenda

eru mjög ánægð eða
ánægð með aðstöðuna

%



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR
BJÖRNSDÓTTIR

*Fræðslufyrirlestur um
upplýsingaöryggi fyrir starfsfólk
Mímis.*

lagi þarf stöðugt að endurskoða áherslur og aðferðir í takt við þarfir atvinnulífsins. Áhersla á nám á vinnustað hefur farið vaxandi og hefur Mímir lagt sig fram um að mæta þeirri þörf. Í byrjun árs hófst vinna við stefnumörkun Mímis til næstu ára. Stefnumótunin er unnin í nokkrum skrefum og er gert ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir við lok árs 2023. Í febrúar stóð Mímir fyrir greiningar- og stefnumótunarfundi þar sem leitast var við að greina helstu sóknarfæri Mímis og máta þau við innri starfsemi okkar með þróun í huga. Sérstaklega var horft til þess að þróa framboð fræðslu og þjónustu með tilliti til tæknibreytinga og réttláttra umskipta starfa vegna loftslagsbreytinga í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Hátt í 40 manns tóku þátt í fundinum, bæði fulltrúar úr nær- og fjærumhverfi Mímis. Niðurstöður fundarins færðu Mími ákveðnar hugmyndir sem þróaðar voru áfram, meðal annars á fundi starfsmanna í byrjun nóvember. Enn frekari útfærsla fer fram á árinu 2023.

**Gæðamál skipa sífellt stærri
sess í starfseminni**

Á árinu 2022 var kapp lagt á að efla enn frekar gæði, gegnsæi og fagmennsku í starfseminni. Mímir setur sér það markmið að hlutfall ánægðra nemenda sé yfir 85%. Viðhorfsskönnun sem lögð er fyrir nemendur að námskeiðum loknum staðfestir ánægju nemenda. Hlutfall ánægðra nemenda með námið í heild og aðstöðuna í Mími reyndist yfir 90% árið 2022. Könnunin er mikilvægur hluti í mati á árangri Mímis og eru niðurstöður nýttar til að styrkja það enn frekar sem vel er gert og laga það sem betur má fara. Í janúar 2022 veitti Menntamálastofnun, fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðherra, Mími endurnýjun á viðurkenningu fræðsluaðila. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli almenn skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og reglna sem settar eru með stöð í þeim. Mímir hefur talist vera viðurkenndur fræðsluaðili í áraraðir en sótt er um endurnýj-

un viðurkenningarinnar á þriggja ára fresti. Innra mat fór fram hjá Mími í samræmi við IV kafla laga um framhaldsfræðslu og EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) um að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærni- mats og náms- og starfsráðgjafar og fóru umbætur fram jafnt og þétt yfir árið. Á árinu hófst vinna við að innleiða gæðastjórnunarkerfi gagnvart öllum rekstri Mímis. Sú vinna fer fram á grundvelli gæðastaðalsins ISO 9001. Eftir sem áður miðast gæðavottun Mímis við EQM+ staðalinn og er horft til ISO 9001 staðalsins gagnvart því sem EQM+ nær ekki yfir. Áfram var unnið að umbótum í samræmi við niðurstöður umfangsmikillar endurskoðunar á námi og kennslu íslensku fyrir útlendinga hjá Mími sem fram fór árið 2021. Þá stóð yfir vinna með þjónustuaðila Mímis í tæknimálum sem sneri að umbótum í takti við niðurstöður úttektar frá árinu á undan á kerfum Mímis sem varða upplýsingatækniöryggi.

Nemandi í íslensku fyrir útlendinga 2022
Everything is perfect. Thank you a lot.
Excellent teachers and environment.



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR
BJÖRNSDÓTTIR

Samhliða þessu var innleiddur nýr tæknibúnaður í fjarkennslu hjá Mími sem keyptur var í lok síðasta árs. Markmiðið með búnaðinum er að efla samskipti og upplifun nemenda í kennslustundum óháð því hvort þeir eru í skólastofunni eða taki þátt í kennslustundum í gegnum fjarfundabúnað.

Mímir hlaut í fjórða sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2022 auk þess að uppfylla fimmta árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2022. Aðeins 2-3% allra virkra fyrirtækja á Íslandi hljóta þessar viðurkenningar ár hvert. Starfsfólk Mímis er að vonum ánægt og þakklátt fyrir þessar viðurkenningar og mun eftir sem áður einbeita sér að því að vera til fyrirmyndar í rekstri sem og í starfi.

Mikill áhugi á að læra íslensku hjá
Mími

Aðsókn í íslenskukennslu hjá Mími hefur aldrei verið eins mikil og má búast við áframhaldandi aukningu enda fjölgar aðfluttum sífelld á Íslandi. Starfstengd íslenskunámskeið komust aftur á skrið eftir heimsfaraldur en mikil fjölgun varð á þeim milli ára eða um 63%. Nú sækja vinnustaðir í auknum mæli til Mímis um samstarf vegna íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og stuðnings við inngildingu starfsmanna sinna.

Niðurstöður viðhorfskönnunar sem lögð er fyrir nemendur Mímis að íslenskunámskeiðum loknum staðfestir að 90% nemenda eru ánægð og/eða mjög ánægð með námskeiðin.

Það er ánægjulegt að sjá að stjórnvöld hafi aukið fjárframlög til Mímis á milli ára. Það gefur fyrirtækinu færi á að auka framboð námskeiða til að mæta sívaxandi eftirspurn. Á hinn bóginn hefur hlutfall niðurgreiðslu stjórnvalda á kostnaði vegna íslenskunámskeiða farið lækkandi síðastliðin ár og er því kostnaður í auknum mæli settur yfir á nemendur sem kemur sér illa fyrir marga. Þá vantar sárlega stefnumörkun íslenskra yfirvalda í málefnum innflytjenda og þar með íslenskukennslu. Það er því fagnaðarefni að vinna til að skýra sýn stjórnvalda í málaflokknum er hafin í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Vinsæl prófamiðstöð

Ljóst er að Mímir er eftirsóttur staður til próftöku fyrir háskólanemendur og hefur fest sig í sessi sem prófamiðstöð. Sífelld fleiri nemendur Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst kjósa að þreyta próf í prófamiðstöð Mímis og fjölgaði prófum um 60% á milli áranna 2021 og 2022. Þeim sem tóku próf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt fjölgar um 35% á milli ára en Mímir sér um framkvæmd íslenskuprófa vegna um-

sókna um íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt samningi við Menntamálastofnun. Aldrei hafa fleiri erlendir gestir sóst eftir því að heimsækja Mími í þeim tilgangi að kynna sér starfsemina. Starfsfólk Mímis tók á móti um 100 erlendum gestum á árinu og bárust enn fleiri beiðnir en hægt var að verða við.

Gott teymi skilar árangri

Allir njóta góðs af því að byggja upp menntun í samfélaginu. Aukin þekking skilar sér beint til samfélagsins, vinnustaðarins og einstaklinganna. Við leggjum lóð á vogaskálarnar við að auka menntunarstig þjóðarinnar. Starfsfólk Mímis hefur með dugnaði og ósérhlífni náð miklum árangri við að þróa nýjungar, skipuleggja fjölda námskeiða og leggja metnað sinn í að veita góða þjónustu. Áhersla hefur verið lögð á að hafa gæði náms og þjónustu í hámarki. Þetta kunna nemendur okkar og viðskiptavinir vel að meta og verðum við vör við mikla tryggð af þeirra hálfu við Mími. Fyrir það erum við þakklát. Fyrir hönd Mímis þakka ég viðskiptavinum og samstarfsaðilum fyrir mjög góða samvinnu á árinu og stjórn, starfsfólki og kennurum fyrir öflugt og metnaðarfullt starf. Mímir mun halda áfram að rækja starf sitt af framsýni og þolgæði með hagsmunum nemenda sinna að leiðarljósi.

Nemendur á dyravarðanámskeiði
á ensku vor 2022

Self defense was amazing. I'm glad this was included, lots of people lack background in martial arts and what not to do and it's great and way to neutralize individuals who are under influence without causing anybody harm.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

ÁVARP
FORSETA
ASÍ

INNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR



MANNAUÐUR

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn.

Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og kennurum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 19,4 og voru óbreytt á milli ára. Þá voru 134 í verktöku hjá Mími, meðal annars við kennslu, heldur fleiri en árið 2022.

Stjórn	Núverandi starfsmenn			
Eyrún Björk Valsdóttir FORMAÐUR	Alma Guðrún Frímannsdóttir VERKEFNASTJÓRI	Irma Matchavariani VERKEFNASTJÓRI	Sigríður Droplaug Jónsdóttir SVIÐSSTJÓRI	
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir VARAFORMAÐUR	Anna Sólveig Sigurðardóttir VERKEFNAFULLTRÚI	Joanna Dominiczak VERKEFNASTJÓRI	Sólborg Jónsdóttir VIÐSKIPTASTJÓRI/VERKEFNASTJÓRI	
Ragnar Ólason MEÐSTJÓRNANDI	Álfhildur Eiríksdóttir NÁMS- OG STARFSRÁÐGGJAFI/ VERKEFNASTJÓRI	Jóhanna Steinunn Snorradóttir BÓKARI	Sólveig Hildur Björnsdóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI	
Eypór Árnason MEÐSTJÓRNANDI	Berta Stefánsdóttir VERKEFNAFULLTRÚI	Karen Guðmundsdóttir NÁMS- OG STARFSRÁÐGGJAFI/ VERKEFNASTJÓRI	Svanhvít Bragadóttir VERKEFNAFULLTRÚI	
Lilja Sæmundsdóttir MEÐSTJÓRNANDI	Bryndís Bessadóttir GJALDKERI/VERKEFNASTJÓRI	Kristín Erla Þráinsdóttir NÁMS- OG STARFSRÁÐGGJAFI/ VERKEFNASTJÓRI	Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir VERKEFNASTJÓRI	
Hilmar Harðarson VARAMAÐUR	Helga Rúna Þorsteinsdóttir VERKEFNASTJÓRI	María Stefanía Stefánsdóttir NÁMS- OG STARFSRÁÐGGJAFI/ VERKEFNASTJÓRI	Þórunn Grétarsdóttir VERKEFNASTJÓRI	
Selma Kristjánsdóttir VARAMAÐUR	Ingunn Guðmundsdóttir SVIÐSSTJÓRI/STAÐGENGILL FRAMKVÆMDASTJÓRA			

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
2

Nemandi í menntastöðum vor 2022

Kennarinn hefur náð að gera stærðfræðina áhugaverða og lætur mann langa til að halda áfram. Fyrir einhvern sem hefur aldrei verið hrifinn af stærðfræði þá er þetta ágætis breyting og gefur manni von. Takk kærlega!




FRÆÐSLA

Ákveðið jafnvægi komst á skipulag fræðslu á árinu eftir þær miklu sviptingar sem áttu sér stað þegar heimsfaraldurinn reið yfir og staðnám færðist yfir í fjarnám. Mörgu hefur verið komið í fyrra horf en sá jákvæði lærdómur sem hlaust af fyrri árum var áfram nýttur í skipulagi fræðslu. Má þar helst nefna stafrænar breytingar, bæði hvað varðar tæknilæsi starfsfólks, kennara og nemenda en einnig kaup á nýjum tæknibúnaði og innleiðingu hans.


Heildarfjöldi nemendastunda jókst um tæp 15% frá árinu á undan. Talsverð aukning var á fjölda nemendastunda í almennum námsbrautum, starfstengdu námi og á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði. Nemendastundum fjölgaði einnig á milli ára í tungumálanámskeiðum. Fyrst og fremst má skýra aukinn fjölda nemendastunda með fjölgun á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði, fjölgun í almennum námsbrautum og í starfstengdu námi. Jafnframt fjölgaði viðtölum í náms- og starfsráðgjöf lítillega á milli ára. Samstarf var við Vinnumálastofnun um samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk í gegnum kennsluefnið Landnemann sem Mímir útbjó fyrir stofnunina árið 2021. Þá hélt Mímir námskeið í kennslufræði fyrir leiðbeinendur á námskeiðum Landnemans en Mímir útbjó námskeiðið fyrir Vinnumálastofnun. Fleiri námstækifæri voru í boði í samstarfi við Vinnumálastofnun, þar á meðal Vertu betri í tækni.

Skipting nemendastunda árið 2022




Heildarfjöldi nemendastunda

SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA




Heildarfjöldi nemendastunda á milli ára

KYNJASKIPTING



Heildarfjöldi nemenda

Á MILLI ÁRA






FRÆÐSLA

Mímir hefur frá árinu 2017 séð um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Prófin eru haldin tvisvar á ári, í maí og nóvember. Þau standa yfir í 10 daga og haldnar eru tvær prófalotur á dag. Þeim sem tóku próf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt fjölgar um 35% á milli ára sem fyrst og fremst skýrist af aukningu á framboði prófalotna. Einnig má rekja þessa fjölgun til uppsafnaðrar eftirspurnar eftir heimsfaraldur.

Sífelld fleiri nemendur Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst kjósa að preyta próf í prófamiðstöð Mímis. Prófum fjölgaði um 60% á milli áranna 2021 og 2022. Ljóst er að Mímir er eftirsóttur staður til próftöku fyrir háskólanemendur og hefur fest sig í sessi sem prófamiðstöð.


Áfram var unnið eftir meginmarkmiðum Mímis, að skapa tækifæri til náms fyrir fullorðin fólk með stutta formlega skólagöngu, ásamt því að hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Þá miðaði starfið jafnframt að því að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli sem og á tungumálanámskeiðum. Enn sem fyrr tók skipulag námsins mið af þörfum einstaklinga og atvinnulífsins hverju sinni.

Aldursdreifing nemenda



Fjöldi viðtala

Á MILLI ÁRA



Nemandi í menntastöðum vor 2022
Mjög ánægð með enskuáfangann.
Frábær kennari sem er alltaf tilbúinn að
hjálpa manni ef það er eitthvert vesen.



ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL

Almennum íslenskunámskeiðum fjölgaði um 11,5% á milli ára og skýrist það helst af því viðbótarfjármagni sem Mímir fékk úthlutað til íslenskukennslu á árinu.

Almenn íslenskunámskeið

Námskeið í íslensku fyrir útlendinga árið 2022 voru á sex stigum auk sérstakra talþjálfunarnámskeiða. Hvort tveggja var boðið upp á morgun- og kvöldnámskeið.


Boðið var upp á stig 1 og 2 í íslensku fyrir sex mismunandi tungumálahópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda, til dæmis arabísku, pólsku og taílensku. Kennsla á almennum íslenskunámskeiðum fór fram á tveimur stöðum: í Höfðabakka og í húsnæði Mímis að Öldugötu 23. Kennsla og námsefni tekur mið af námskrá mennta- og menningar- málaráðuneytisins og er lögð áhersla á fjölbreyttar kennslu- aðferðir, rafrænar leiðir auk hefðbundinna verkefna sem efla almenna íslenskuþekkingu og færni í að nota tungumálið í daglegu lífi.

Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki

Starfstengdum námskeiðum í íslensku fjölgaði um 63% á milli ára en alls voru haldin 32 námskeið með 240 þátttakendum sem luku námskeiðum með 75% mætingu að lág-


Almennar námsbrautir

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Starfstengdar námsbrautir

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Nemandi á fagnámskeiði leikskóla

Sjúklega skemmtilegur kennari. Sjö klukkutímar liðu eins og tvær mínútur. Svakalega áhugaverður áfangi og ég tek mikið með mér í vinnuna.



ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL


marki hjá 9 fyrirtækjum en þau voru 19 árið áður. Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áframhaldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun, fyrir fagmenntað fólk, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga og fleiri starfsstéttir.

Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt

Þeim sem þreyttu próf sem hluta af umsókn um íslenskan ríkisborgararétt fjölgaði um 35% milli ára en 729 manns tóku prófið árið 2022 en þeir voru 538 árið 2021. Mímir sér um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Prófað er í skilningi, ritun, hlustun og tali. Prófaloturnar fóru fram tvisvar á árinu, önnur í lok maí og byrjun júní og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis á Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og Austurbrú á Egilsstöðum.


Íslenska sem annað mál

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Tungumál

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Nemandi í menntastöðum vor 2022
Ég náði loksins að sigrast á stærðfræðióttanum
og endaði með toppinkunn.



ALMENNAR NÁMSBRAUTIR

Menntastoðir

460 klukkustundir

Á árinu lögðu 13 nemendahópar stund á nám í Menntastoðum. Námsbrautin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og eru nemendur þar með komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar: íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Nemendum stendur til boða að ljúka Menntastoðum á einni önn í staðnámi, á tveimur önnum í dreifnámi eða í fjarnámi.

Að lesa og skrifa á íslensku

80 klukkustundir

Á árinu lögðu sex nemendahópar stund á nám í Að lesa og skrifa á íslensku. Námið er hugsað fyrir fólk af erlendum uppruna sem þarf þjálfun við að lesa og skrifa á íslensku, glímir við ólæsi eða hefur ekki náð tökum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, ritun, tölvuþjálfun og sjálfstyrking.

Líf og heilsa – lífsstílsþjálfun

60 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Lífi og heilsu – lífsstílsþjálfun. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á áhrifapáttum heilsu, leikni þeirra í heilsulæsi og hæfni til að taka ábyrgð á eigin heilsu. Það er ætlað þeim sem vilja bæta eigin heilsu.



Yfir 90% nemenda eru ánægð með námið í Mími.

Nemandi á námskeiði í ferðapjónustu vor 2022

Ánægð með námskeiðið. Ég lærði margt nýtt og áhugavert.
Þakka kennurum og Mími.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

ÁVARP
FORSETA
ASÍ

INNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR



Á
R
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
2



Talsverð aukning var á fjölda nemendastunda í almennum námsbrautum, starfstengdu námi og á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði.

STARFSTENGDA NÁMSBRAUTIR

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla

140 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í fagnámskeiði I og II fyrir starfsmenn leikskóla sem er nám í grunnatriðum leikskólastarfs fyrir starfsfólk leikskóla. Það er haldið í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag. Að námi loknu sækja margir um áframhaldandi nám á Leikskólaliðabré.

Fagnámskeið I og II í aðhlynningu og umönnun

140 klukkustundir

Á árinu lögðu fjórir nemendahópar stund á nám í fagnámskeiði I og II í aðhlynningu og umönnun í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag. Námið er grunnnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlynningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af Félagsliðagátt.

Leikskólaliðabré


380 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám við Leikskólaliðabré. Leikskólaliðabré er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir það starfsheitið leikskólaliði. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag.

Félagsliðagátt

660 klukkustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám í Félagsliðagátt. Félagsliðagátt er fjögurra anna nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi. Nemendur ljúka námi á 2. hæfniprepi en til að öðlast starfsheitið félagsliði þurfa nemendur að ljúka 3. hæfniprepi í framhaldsskóla. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag.



Mímir er í samstarfi við Brim um námskeið fyrir starfsfólk í fiskvinnslu.

Samfélagstúlkun

130 klukkustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám í Samfélagstúlkun. Námið er ætlað þeim sem sinna eða hafa hug á að sinna starfi við samfélagstúlkun sem felst í því að miðla munnlegri merkingu á milli aðila sem ekki tala sama tungumál, án þess að taka afstöðu til viðfangsefnisins. Námskráin er byggð á starfaprófilnum „samfélagstúlkur“.

Ferðapjónusta 1

45 klukkustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám í Ferðapjónustu 1. Námið er ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í starfi við ferðapjónustu eða hafa hug á að sinna slíkum störfum. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir frekara nám á sviði ferðapjónustu.

Grunnnám í fiskvinnslu

48 klukkustundir

Á árinu lagði einn hópur stund á nám á Grunnnámskeiði fyrir fiskvinnslufólk en námsbraut-in var haldin í samstarfi við Fisktækniskólann og Brim. Námskráin er ætluð þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, þ.e. við flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu nemenda á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum að borði neytandans. Allt þetta ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna.

Nám í stóriðju, grunnnám

300 klukkustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á grunnnám í Námi í stóriðju en námið hófst á vorönn 2022 og er haldið í samstarfi við Rio Tinto á Íslandi. Námið er ætlað þeim sem sinna starfi í stóriðju þar sem bræðsluofnar eða rafgreiningarker eru burðarásar í framleiðslunni. Tilgangur námsins er að auka hæfni starfsfólks til að sinna fjölbreyttum störfum í stóriðju, auka öryggi við vinnu, styrkja starfs- og samskiptahæfni og auka starfsánægju. Námskeiðið er kennt hjá ÍSAL og heildarnámstíma skipt niður á þrjár annir.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

ÁVARP
FORSETA
ASÍ

INNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR

20 ÁRA
MÍMIR VERTU MEIRA!

Á
R
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
2



Heildarfjöldi nemendastunda jókst um tæp 15% frá árinu á undan.



Skrifstofuskólinn

160 klukkustundir

Á árinu lögðu fjórir nemendahópar stund á nám í Skrifstofuskólanum en hann er samstarfsverkefni Nýja tölvu- og viðskiptaskólans (NTV) og Mímis. Um er að ræða vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir byggjast á hagnýtum viðfangsefnum.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

273 klukkustundir

Á árinu lögðu fjórir nemendahópar stund á Sölu-, markaðs- og rekstrarnám en námsbrautin er haldin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Námsbrautin hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þá innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum sem þarf til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja.



ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Tungumálanámskeið

12 klukkustundir

Sjö námskeið í erlendum tungumálum voru haldin á árinu. Námskeið í spænsku var hvað vinsælast. Námskeiðum í erlendum tungumálum fjölgaði um tvö námskeið á milli ára.

Starfslokanámskeið

11 klukkustundir

Þrjú starfslokanámskeið voru haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag fyrir félagsmenn Eflingar, tvö á íslensku og eitt á pólsku. Á námskeiðunum er fjallað um lífeyris-tryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, heilsu, hreyfingu og næringu, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál, frístundir og starfslok.

Dyravarðanámskeið

16 klukkustundir

Sex nemendahópar luku Dyravarðanámskeiði á árinu. Námskeiðið er liður í samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Samtaka ferðaþjónustu (SAF) fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS)

um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Samkomulagið miðar að bættum samskiptum og samstarfi milli þessara aðila. Jafnframt snýr verkefni hópsins að öruggum borgum (e. Safe Cities) sem Reykjavíkurborg er aðili að. Í aðgerðaáætlun samkomulagsins er tilgreint að eingöngu starfi dyraverðir sem lokið hafa námskeiði og lögreglustjóri hefur samþykkt. Tilgangur námsins er fyrst og fremst að efla dyraverði í starfi en einnig er því ætlað að stuðla að öryggi starfsfólks og gesta vínveitingahúsa.

Vertu betri í tækni

20 klukkustundir

Tvö námskeið voru haldin í samvinnu við Vinnumálastofnun. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja styrkja sig gagnvart tækni. Leitast er við að efla fólk í þeirri tækni sem mest ákall er um að það tileinki sér til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Landneminn – samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk

40 klukkustundir

Sjö námskeið voru haldin í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk í samstarfi við Vinnumálastofnun, eitt á ensku, tvö á arabísku, tvö á spænsku og tvö á úkraínsku. Námskeiðið er hluti af verkefninu Landneminn. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum samfélagsfræðslu og upplýsingar og innsýn í mikilvæga þætti sem snúa að því að búa og starfa á Íslandi og varða bæði lög og hagnýtar upplýsingar um almenning, stofnanir og þjónustu auk menningartengdra þátta sem snúa að daglegu lífi. Einnig að virkja þátttakendur til sjálfstæðrar upplýsingaleitar og kynnast rafrænum lausnum sem hluta af daglegu lífi á Íslandi. Áhersla er á virka þátttöku þátttakenda. Kennsluefni og kennsla fer fram á móðurmáli nemenda.

Landneminn – samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk/ kennslufræðinámskeið

15 klukkustundir

Þrír hópar luku kennslufræðinámskeiði fyrir leiðbeinendur í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk sem haldið var í samstarfi við Vinnumálastofnun; einn staðnáms hópar og tveir fjarnáms hópar, annar á á ensku og hinn á íslensku. Á námskeiðinu er farið yfir kennsluefni í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk auk þess sem hagaðilar kynna þarfir markhópsins út frá þörfum stofnana.

Nemandi í íslensku fyrir útlendinga 2022

I really enjoyed the course. The materials and discussions were both interesting and educating. I will gladly recommend this course to my friends and colleagues.



RÁÐGJÖF OG STÖÐUMAT

Náms- og starfsráðgjöf

Fræðslusjóður leggur Mími til fjármagn til að veita markhópi framhaldsfræðslunnar náms- og starfsráðgjöf og tekur umfang þjónustunnar mið af því. Auk þess var Mímir með samstarfssamninga við Vinnumálastofnun og VR-stéttarfélag og um viðtöl í náms- og starfsráðgjöf.

Viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum Mímis árið 2022 voru 1907 sem er um 11% aukning frá árinu áður þegar þau voru 1717. Inn í þessari tölu eru öll ráðgjafaviðtöl óháð því hver greiðir fyrir þau. Viðtöl hjá Mími sem Fræðslusjóður greiddi voru samtals 1696 en þau voru 1489 árið 2021 sem þýðir um 13% aukningu á milli ára. Verð á viðtölum stóð í stað milli áranna 2021 og 2022 en greiðsla frá Fræðslusjóði stóð einnig í stað milli áranna 2021 og 2022. Sé horft til viðtala sem Fræðslusjóður greiddi voru 640 viðtöl rafræn á móti 1056 viðtölum á staðnum sem er fækkun um 19% í fjölda rafrænna viðtala milli ára.

Viðtöl fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við Vinnumálastofnun voru samtals 187 í gegn-

um vinnumarkaðsátakið Náms er tækifæri. Lögð var áhersla á að virkja atvinnuleitendur, einkum þá sem höfðu verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur, með náms- og starfsráðgjafaviðtölum eða öðrum þeim vinnumarkaðsúrræðum sem hentuðu viðkomandi einstaklingi.

Mímir hóf samstarf við VR - stéttarfélag um rafræna starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsmenn VR og fóru 24 viðtöl fram á árinu. Markmið ráðgjafarinnar er að aðstoða félagsfólk við ákvarðanatöku um nám eða stöðu á vinnumarkaði sem og að kanna leiðir til starfsþróunar.

Stöðugildi í lok árs voru 3,7 sem fjórir náms- og starfsráðgjafar sinntu. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa hjá Mími voru nú sem áður fjölbreytt ráðgjöf til einstaklinga og verkefnastjórnun í raunfærnimati. Í ráðgjöf til einstaklinga felst leiðsögn við gerð ferilskrár og almennrar færnisráningar, aðstoð við starfsleit og skoðun leiða til að styrkja stöðu einstaklingsins á vinnumarkaði. Einnig er komið inn á þætti eins og námstækni,



Á árinu hófst samstarf Mímis og VR - stéttarfélags um rafræna starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsmenn VR. Á myndinni eru náms- og starfsráðgjafar hjá Mími.

Umsögn frá vinnustað sem bauð upp á íslenskunámskeið

Við erum mjög ánægð með kennsluna hjá Mími og samskipti okkar við þau í aðdraganda námskeiðanna. Allir nemendur eru teknir í stöðupróf og metið hvaða stig þeir þyrftu að taka. Nemendurnir voru ánægðir og langflestir hafa sýnt framfarir í íslenskukunnáttu. Við höldum því ótrauð áfram veginn og hlökkum til frekara samstarfs.



áhugasviðskannanir, sjálfsskoðun og sjálfs-eflingu ásamt mati á fyrra námi og upplýsingar um nám í boði. Þjónusta við nemendur Mímis er margþætt og getur meðal annars falist í að hafa samband við nemendur, hvetja þá áfram í náminu, benda þeim á leiðir til að takast á við hindranir í námi og tileinka sér góð vinnubrögð.

Tímabókunarkerfi á vef Mímis sem innleitt var árið 2021 var þróað áfram og fer nú bókun viðtala við náms- og starfsráðgjafa nær eingöngu fram í gegnum vefinn.

Náms- og starfsráðgjafar unnu að fjöldamörgum þróunarverkefnum í samstarfi við annað starfsfólk Mímis, fyrirtæki á vinnumarkaði og erlenda samstarfsaðila sem nýtast markhópi framhaldsfræðslunnar vel.

Raunfærnimat

Alls fóru 35 manns í gegnum raunfærnimat hjá Mími á árinu en þeir voru 56 árið á undan. Fækkunin nemur 38% á milli ára en helst má þar tilgreina fjórar ástæður. Í fyrsta lagi þá er raunfærnimat í almennum bóklegum greinum í endurskoðun hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og því ekki í boði seinni hluta árs.

Í öðru lagi var raunfærnimat félagsliðabrait- ar í endurskoðun og þess vegna var tekin sú ákvörðun að fara ekki af stað með raunfær- imatið fyrr en í september þegar nýir sjálfs- matslistar yrðu tilbúnir. Í þriðja lagi komu inn ný fyrirtæki í raunfærnimati í fagnámi versl- unar og þjónustu sem krafðist mikils undir- búnings. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fór í þá vinnu að gera nýja sjálfsmatslista og þjálf- matsaðila fyrirtækjanna. Raunfærnimatið fór því ekki af stað fyrr en þeirri vinnu var lokið. Í fjórða lagi voru breytingar á raunfærnimati í skipstjórn þar sem matið varð alfarið rafrænt og var því ekki lengur þörf á aðkomu Mímis í raunfærnimatsferlinu.

Raunfærni er samanlögð færni sem náð er með ýmsum hætti í námi, starfi eða einkalífi. Raunfærnimat er staðfesting og mat á raun- færni. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfsefningar hvort sem metið er á mótí námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinn- ingurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að fram- úrskarandi matsaðilum í öllum greinum raun- færnimats sem fram fer hjá Mími úti í skólum og fyrirtækjum.

Raunfærnimat er stór þáttur í verkefnum náms- og starfsráðgjafa en þeir sjá um verk- efnastjórn og ráðgjöf hvað það varðar. Unnið var að eftirfarandi raunfærnimatsverkefnum:

- Raunfærnimat á mótí viðmiðum félags- og tómstundabrautar, stuðningsfulltrúabraut- ar, leikskólaliðabrautar og félagsliðabraut- ar fór ýmist fram rafrænt eða á staðnum.
- Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (ensku, íslensku, stærðfræði og dönsku) fór ýmist fram rafrænt eða á staðnum. Þetta raunfærnimat var einungis í boði fyrri hluta árs vegna endurskoðunar hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Raunfærnimat fagnáms verslunar og þjón-ustu er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem vinnustaðahlutinn er metinn hjá fyr- irtækjunum sjálfum. Einnig er hægt að fá einingar á mótí kenndum áföngum í Verzl- unarskóla Íslands. Raunfærnimatið fór ým- ist fram rafrænt eða á staðnum.

Stöðumat í íslensku

Hjá Mími er væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum boðið að

sækja rafrænt stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Stöðumat í íslensku er bæði skriflegt og munnlegt og geta nemendur sótt stöðumatið fyrir einstakar lotur í íslenskunámskeiðunum. Á árinu þreyttu alls 78 einstaklingar stöðu- mat í íslensku. Þá býður Mímir upp á próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Stað- festingar frá Mími þar að lútandi eru viður- kenndar af Útlendingastofnun en 28 manns sóttu slíkt stöðumat árið 2022. Alls þreyttu 106 manns stöðumat í íslensku árið 2022.

Prófamiðstöð

Samstarf Mímis við háskóla hélt áfram og sneri að fyrirlögn prófa fyrir háskólanemend- ur í húsnæði Mímis. Prófum sem lögð voru fyrir hjá Mími fjölgaði um 60% á milli ára en 1587 próf voru lögð fyrir árið 2022 og 649 á árinu 2021. Háskólinn á Akureyri og Mímir hófu samstarfið haustið 2019 sem gengur út á það að veita nemendum háskólans aðstöðu til próftöku bæði á símatisdögum og í prófa- tíðum háskólans. Mímir sér um fyrirlögn próf- anna fyrir háskólann. Sambærileg þjónusta er við nemendur Háskólans á Bifröst sem einnig þreyttu próf í húsnæði Mímis.



ÞRÓUNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI

Þróunar- og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Unnið var að átta slíkum verkefnum árið 2022 með fyrirtækjum og stofnunum sem styrkt eru af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+ og/eða Nordplus. Áhersla var lögð á verkefni sem miða að því að efla þekkingu og færni á ýmiss konar tækni sem snertir nám og kennslu.

Fræðslusjóður og þróunarsjóður

Nýir tímar, ný hæfni

Júní 2021 til maí 2023

Verkefnið snýr að því að þróa netnámskeið í forritun fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar þar sem forritunin er tvinnuð saman við starfstengda íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Forritun er einn af færniþáttum framtíðar sem krefjast ekki háskólamenntunar eða sérstakrar tungumálaþekkingar. Markmiðið með námskeiðinu er að þjálfar fleiri hæfnipætti sem nýtast í framtíðinni sem geta skapað aukin atvinnutækifæri hérlandis og erlendis sem og menntunartækifæri. Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.



Þarfa- og væntingagreining

Júní 2021 til nóvember 2023

Verkefnið snýr að þarfa- og væntingagreiningu meðal innflytjenda um íslenskukennslu í fullorðinsfræðslu. Kennslan verður tilraunakennd og skilar rafrænum leiðarvísir fyrir fræðsluaðila og kennara, í ljósi niðurstaðna rannsóknarinnar Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða (60% svarenda lýstu yfir óánægju sinni með íslenskunámið).

Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

Erasmus+

Interacte

Október 2019 til desember 2022

Markmið verkefnisins er að efla tæknivitund kennara, verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa á sviði fullorðinsfræðslu með það að markmiði að verða góður og gagnvirkur not-

andi tækni í námi. Sex stofnanir frá sex löndum í Evrópu taka þátt í verkefninu en þau eru: Ísland, Ítalía, Króatía, Þýskaland, Litáen og Spánn. Samtals er 51 þátttakandi í verkefninu frá stofnununum. Heimsfaraldurinn setti mark sitt á framkvæmd verkefnisins að því leyti að færri tóku þátt í því en gert var ráð fyrir í upphafi. Mímir er umsjónaraðili verkefnisins. Erasmus+ styrkti verkefnið.

Women's opportunities for work and education (WOW-E)

Febrúar 2022 til ágúst 2024

Markmið WOW-E-verkefnisins er að auka hæfni og tækifæri kvenna meðal innflytjenda sem hafa litla formlega menntun til að komast á vinnumarkaðinn og í menntunarúrræði. Verkefnið miðar að því að meta og viðurkenna raunfærni þeirra (einkum óformlega færni) og nota hæfnipróun. WOW-E-verkefnið fjallar um viðhorf og núverandi starfs- og ráðningaraðferðir atvinnurekenda, Unnið er í nánú samstarfi við tengda samstarfsaðila atvinnurekenda við að þróa nýjar og nýstárlegar lausnir, aðferðir og venjur til að brúa leið kvenna af erlendum uppruna inn í atvinnulífið. Erasmus+ styrkti verkefnið.



Telma

Október 2019 til september 2022

Markmiðið með verkefninu er að þróa sérstaka fagkunnáttu innan Mímis og auka þannig skilvirkni í menntun í samræmi við stefnu fyrirtækisins þar að lútandi. Sex starfsmenn Mímis fá tækifæri til að kynnst aðferðum og tækni sem er notuð í kennslu erlendis. Hluti námskeiðsins er undirbúningur þátttakenda á netinu undir leiðsögn leiðbeinenda sem hafa það verkefni að stjórna undirbúningi.

Erasmus+ styrkti verkefnið.

Nordplus

Uppbyggingarsjóður EES og Noregs

Learning lab

Desember 2021 til loka maí 2022

Verkefnið er svokallað Shadow-verkefni þar sem Mímir tekur á móti gestum í vinnustaðaheimsókn frá NOVA Foundation í Gdansk í Póllandi. Heimsóknin miðar að því að kynnst framhaldsfræðslu á Íslandi með það að markmiði að efla hæfni stjórnenda, skiptast á reynslu og bestu starfsvenjum og að þróa gæði í fræðslustarfsemi.

Uppbyggingarsjóður EES og Noregs styrkti verkefnið.

Discover Iceland and Sweden

Ágúst 2021 til loka júlí 2023

Markmiðið með samstarfinu er að skapa fræðsluvettvang á netinu sem kynnir íslenskt og sænskt tungumál og menningu. Leitast er við að auka gagnkvæman skilning, virðingu og umburðarlyndi meðal ungs fólks á Norðurlöndum og á Eystrasaltssvæðinu. Auk þess að veita ungu fólki tækifæri á að þróa færni sína í sjálfsnámi á netinu og auka stafræna færni.

Uppbyggingarsjóður EES og Noregs styrkti verkefnið.

Icelandic as a second language - New approach in implementing the CEFR

September 2022 til ágúst 2023

Verkefnið er samstarfsverkefni Símeypjar, Mímis og Studieskolen í Danmörku og lýtur að því að þýða og staðfæra hæfniprep Evrópska tungumálrammans þannig að úr verði námskeiðslýsingar sem stemma við hæfnimatið. Einnig miðar verkefnið að þátttöku kennara (2-3 frá hverri miðstöð) þar sem þeir fá leiðsögn (námskeið/vinnustofa) frá Studieskolen um eðli evrópska tungumálarammans og nýja nálgun í kennslu. Verkefnið lýtur einnig að því að búa til/finna rafrænt námsefni sem styður við hugmyndafræði evrópska tungumálarammans sem og að prófa kennsluaðferðir. Símey er umsjónaraðili verkefnisins.

Uppbyggingarsjóður EES og Noregs styrkti verkefnið.



Starfsfólk hjá Mími heimsótti samtarfsaðila á Ítalíu þar sem unnið var að þróunarverkefni sem hefur það markmið að efla tæknivitund kennara, verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa á sviði fullorðinsfræðslu.

Nemandi í menntastöðum vor 2022

Mér finnst frábært hversu vel er haldið utan um mann, reynt að finna lausnir og ekki gefist upp.



GÆÐAMÁL

Mikil áhersla var lögð á gæði í öllu starfi Mímis árið 2022.

Í janúar 2022 veitti Menntamálastofnun, fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðherra, Mími nýja viðurkenningu fræðsluaðila. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli almenn skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Mímir hefur hlotið þessa viðurkenningu í áraraðir en hana ber að endurnýja reglulega með þar til gerðri umsókn til Menntamálastofnunar. Uppfylla þarf skilyrði sem hún setur meðal annars um rekstur, skipulag, gæði, hæfni starfsmanna og húsnæði.

Innra mat fór fram hjá Mími í samræmi við IV. kafla laga um framhaldsfræðslu. Áfram var unnið að umbótum í samræmi við niðurstöður umfangsmikillar endurskoðunar á námi og kennslu íslensku fyrir útlendinga hjá Mími sem fram fór árið 2021. Þá stóð yfir vinna með þjónustuaðila Mímis í tæknimálum sem sneri að umbótum í takti við niðurstöður úttektar frá árinu á undan á kerfum Mímis sem varða upplýsingatækniöryggi.

Í febrúar fór fram umfangsmikil stefnumótunarvinna hjá Mími sem fjölmargir hagaðilar tóku þátt í. Samtalið skilaði góðum upplýsingum um framtíðarsýn Mímis. Samhliða var innleiddur nýr tæknibúnaður í fjarkennslu hjá Mími sem keyptur var í lok síðasta árs. Markmiðið með búnaðinum er að efla samskipti og upplifun nemenda í kennslustundum óháð því hvort þeir eru í skólastofunni eða taki þátt í kennslustundum í gegnum fjarfundabúnað. Búnaðurinn skilar þeim gæðum að það heyrir vel í öllum sem taka til máls, bæði kennurum og samnemendum. hvar sem þeir eru staddir. Einnig var útbúin tenging á milli kennslukerfisins Innu og tæknibúnaðarins en það gerir bæði nemendum og kennurum kleift að nálgast kennslu- og námsefni á auðveldan hátt. Tæknilausnin nýtist nú þegar fjölda nemenda í viku hverri þar sem jafnvel bekkir eru blandaðir í stað- og fjarkennslu.

Unnið var í samræmi við EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) um að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Mímir hlaut fyrst gæðavottun EQM árið 2012 og fer formleg úttekt á

starfseminni fram á þriggja ára fresti, síðast á árinu 2021. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili en um er að ræða gegnsætt ferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum.

Á árinu hófst vinna við að innleiða gæðastjórnunarkerfi gagnvart öllum rekstri Mímis. Sú vinna fer fram á grundvelli gæðastaðalsins ISO 9001. Eftir sem áður miðast gæðavottun Mímis við EQM+ staðalinn og er horft til ISO 9001 staðalsins gagnvart því sem EQM+ nær ekki yfir.

Gæðateymi vann áfram að útgáfu nýrra gæðaskjala og endurnýjun annarra, hliðstætt við árin á undan.

Mímir hlaut í fjórða sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2022 auk þess að uppfylla fimmta árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2022. Aðeins 2-3% allra virkra fyrirtækja á Íslandi hljóta þessar viðurkenningar ár hvert.





UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

ÁVARP
FORSETA
ASÍ

INNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR




KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL

Þjónusta við viðskiptavinum var þróuð enn frekar í gegnum vefinn. Áfram var notast við samfélagsmiðlana Facebook, Instagram, YouTube og Google til að kynna starfsemi Mímis. Vinnu við bætt aðgengi á vef Mímis var haldið áfram en gerðar voru útlitsbreytingar á helstu síðum og texti var endurunninn með það að augnamiði að gera hann notendamiðaðri. Þá voru sölusíður jafnframt endurnnar og einfaldaðar. Tímabókunarkerfi viðtala í náms- og starfsráðgjöf á vef Mímis sem innleitt var árið 2021 var þróað enn frekar með þjónustu við viðskiptavinum í huga. Bókun við-

tala í náms- og starfsráðgjöf fer nú eingöngu fram í gegnum kerfið.

Gerðir voru kynningarbæklingar bæði um nám og raunfærnimat sem flestir voru á raf-rænu formi. Þá voru námsbrautir kynntar í útvarpi í samstarfi við birtingafyrirtæki. Birtar voru auglýsingar á strætóskýlum til að kynna íslenskunámskeið. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni auk þess sem fyrirtæki voru heimsótt.



Starfsfólk Mímis viðhélta skyndihjálparþekkingu sinni á árinu.



91% nemenda
eru **ánægð**
með námið í heild

%

Fulltrúar frá Mími kynntu starfsemina á Mannauðsdeginum í Hörpu í október.



ALMENNUR REKSTUR

Rekstur var í ágætu jafnvægi á tuttugasta rekstrarári Mímis. Fjöldi starfsmanna var stöðugur á milli ára og það sama má segja um heildarumfang verkefna, tekna og gjalda. Heildarvelta ársins 2022 var rúmlega 509 milljónir króna og jókst um 11% frá árinu á undan. Afkoma ársins var 5,3 milljónir króna sem er viðunandi fyrir óhagnaðardrifinn (e. non profit) rekstur sem gjaldfærir öll innkaup og tekur ekki lán.

Alþýðusamband Íslands er eini hluthafi Mímis-símenntunar ehf. Enginn arður er greiddur út úr félaginu heldur er rekstrarafgangi hvers árs varið til „að efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði“ eins og stofnskrá félagsins mælir fyrir um.

Á árinu hefur verðbólga verið yfir 10% og er sú staða óneitanlega íþyngjandi fyrir reksturinn þar sem hluti rekstrarsamninga er bundinn vísitölu. Auk þess sem verðbólgan hefur leitt til hækkunar á almennum verðlagi. Til að mæta þessum kringum æðum í rekstrarumhverfinu var útgjaldahlið vandlega yfirfarin á árinu og tókst að ná fram nokkurri hagræðingu í innkaupum. Nauðsynlegt er á sama tíma að fylgjast með tækni og nýjungum, bæði varðandi almennan rekstur og kennsluhætti til að tryggja nauðsynlega frampróun í starfsemi.

Heildartekjur Mímis hækkuðu lítillega á milli ára í krónum talið en stóðu í stað ef miðað er við verðlagsbreytingar ársins. Þannig var vöxtur í íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga, sam-

félagsfræðslu til innflytjenda, ríkisborgara-prófum og einnig í prófahaldi fyrir háskóla. Framlög stjórnvalda til íslenskukennslu fyrir útlendinga hækkuðu í krónum talið á síðasta ári. Hins vegar hefur einingarverðið sem miðað er við í uppgjöri framlaganna staðið í stað frá árinu 2015. Framlag stjórnvalda til niðurgreiðslu á íslenskukennslu fyrir útlendinga vegur því æ minna upp í kostnað við námskeiðahaldið og hlutur nemenda vex að sama skapi.

Verðlisti sá sem símenntunarmiðstöðvum er gert að vinna eftir við framkvæmd vottaðra námsleiða hefur sem fyrr ekki haldið í við þróun verðlags. Hækkun verðs til símenntunarmiðstöðvanna var almennt 4,7% á sama tíma og verðbólga mældist um 10%. Það er til við-

bótar við þá staðreynd að verð hækkaði ekkert árið 2021.

Í sparnaðarskyni tók Mímir ákvörðun um að hætta að nýta húsnæðið á Öldugötu 23 fyrir námskeiðahald Mímis og færa þess í stað alla starfsemina á einn stað að Höfðabakka 9. Farið var vandlega yfir hvað sú breyting myndi hafa í för með sér, til dæmis hvað varðar rekstur húsnæðis, tækjakaup og starfsmannahald. Ávinningur þessarar ákvörðunar birtist ekki í rekstri ársins 2022 þar sem húsið var nýtt til ársloka.

Nemendur á dyravarðanámskeiði á ensku vor 2022

Extremely handy course. First aid should be taught to everybody. You never know when somebody may have issues and you can actually hold on that individual's life until paramedics show up.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

ÁVARP
FORSETA
ASÍ

INNGANGUR
FRAMKVÆMDA-
STJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

PRÓUNAR- OG
SAMSTARFS-
VERKEFNI

GÆÐAMÁL


KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR



HLUTFALLSLEG SKIPTING REKSTRARTEKNA ÁRIÐ 2022

Á
R
S
K
Ý
R
S
L
A
2
0
2
2



92% nemenda
eru **mjög ánægð** eða **ánægð**
með kennara og kennslu

90%

20 ÁRA

MÍMIR VERTU MEIRA!